

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 142/47*  
*komudagur 19.6.2013*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
nefnasvid@althingi.is

**Hagsmunasamtök  
Heimilanna**



heimilin@heimilin.is - www.heimilin.is  
Frakkastíg 27, húsnæði Tækniskólans  
101 Reykjavík - kt. 520209-2120

Erindi nr. HH13U142.0002

Dags. 19. júní 2013

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 2. mál á 142. löggjafarþingi**

Meðferð einkamála (flýtimeðferð)

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum (flýtimeðferð).

Hagsmunasamtök heimilanna eru mjög hlynnt því að dómsmálum um skuldamál neytenda verði flýtt, og styðja því almennt að frumvarpið sem er til umsagnar verði að lögum. Samt sem áður vilja samtökin koma á framfæri nokkrum athugasemdum og ábendingum.

Athygli er vakin á að nú þegar gildir svohljóðandi bráðabirgðaákvæði í lögum um neytendalán:

**II.** Nú er ágreiningur milli lánveitanda og neytanda er varðar lögmæti verðtryggingar í lánsamningi þeirra í milli. Hyggist annar hvor aðilanna höfða mál vegna slíks ágreinings getur hann óskað eftir því að málið sæti flýtimeðferð eftir ákvæðum XIX. kafla laga um meðferð einkamála. Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. september 2013.

Samkvæmt því frumvarpi sem er hér til umsagnar er lagt til að nýtt bráðabirgðaákvæði verði fært í lög um meðferð einkamála og gildi til 1. janúar 2015, svohljóðandi:

Nú lýtur ágreiningur í dómsmáli að lögmæti þess að binda fjárskuldbindingu við gengi erlendra gjaldmiðla eða vísitölu eða uppgjöri slíkra skuldbindinga og skal þá hraða meðferð slíks máls.

Meginmunurinn á þessum tveimur ákvæðum er að það fyrrnefnda nær einungis til neytendalána en það síðarnefnda sem er til umsagnar, myndi einnig gilda um lán til lögaðila. Þó gera samtökin ekki sérstaka athugasemd við þetta ef það er vilji löggjafans að svo sé. Hinsvegar vilja samtökin benda á að í mörgum tilvikum snúa ágreiningsmál um neytendalán að fleiri atriðum en aðeins sjálfri verðtryggingu lánsins, til dæmis þegar um er að ræða yfirdráttarlán sem eru almennt ekki verðtryggð en um þau er engu að síður ágreiningur í sumum tilvikum. Til dæmis er nokkuð um það að neytendur hafi neyðst til að fullnýta yfirdráttarheimildir til þess að standa undir stökkbreyttum greiðslum vegna ólögmætrar verðtryggingar annara lána, og hafa jafnvel mátt þola aðfarir eða

fullnustugerðir á grundvelli þeirra sem leitt hafa til gjaldþrots eða annara óþæginda, jafnvel þó í raun stafi greiðsluferfiðleikar viðkomandi af ólögmætri verðtryggingu á öðrum lánnum en þeim sem kröfuhafar kjósa þrátt fyrir allt að leggja til grundvallar aðförum sínum. Hætta er hinsvegar á því að slík mál hljóti ekki flýtimeðferð verði svo litið á að ekki sé í raun um ræða verðtryggð lán, jafnvel þrátt fyrir að rekja megi málsatvik og málsástæður til þeirrar hækkunar heildarskulda neytanda sem orsakast hefur af verðtryggingu á öðrum lánnum sem deilt er um. Til að fyrirbyggja slíkt leggja samtökin til að frumvarpið verði samþykkt en þó með þeirri breytingu að 1. gr. orðist þannig að í stað “slíkra skuldbindinga” komi orðalagið “skuldbindinga þeim tengdum”.


Jafnframt verði gildistími ákvæðisins lengri en til 1. janúar 2015 eins og lagt er til í frumvarpinu, en reynsla sú sem fengist hefur af álitaeftum um verðtryggingu miðað við gengi erlendra gjaldmiðla hefur sýnt að endanleg úrlausn um slíkan ágreining getur verið langdregin þrátt fyrir flýtimeðferð. Samtökin mælast því til þess að takmörkun á gildistíma fyrrgreinds ákvæðis í lögum neytendalán verði felld niður og sá réttur neytenda þannig gerður varanlegur samkvæmt þeim lögum.

Loks telja samtökin ástæðu til að benda sérstaklega á nauðsyn þess að neytendum sem fram til þessa hafa mátt þola aðfarar- og fullnustugerðir á hendur sér vegna skuldbindinga sem eru umdeildar eða viðurkennt hefur verið að séu ólögmætar, verði gert kleift að fá leiðréttingu sinna mála. Ekki virðist vera ætlunin að taka á því atriði með frumvarpinu sem hér er til umsagnar, sem samtökin vilja þó hvetja til þess að verði einnig gert hið fyrsta. Það mætti að allnokkru leyti gera með því að heimila endurupptökur fullnustu- og gjaldþrotamála, eins og hefur til að mynda verið gerð tillaga um með frumvarpi á þskj. 115 í máli nr. 115 á 141. löggjafarþingi. Samtökin hafa nú í vinnslu endurbættar tillögur af sama toga, sem fyrirhugað er að verði svo beint til Alþingis og stjórnvalda um leið og fyrir liggur tilbúin útfærsla eða drög að nýju frumvarpi.

- o -

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna



Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

heimilin@heimilin.is